

Brúarásskóli


Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017


Fimmta árið í röð voru kannanir gerðar í gegnum Skólapúlsinn sem leggur fyrir kannanir í fjölda skóla á Íslandi og því hægt að bera Brúarásskóla saman við aðra skóla í svipaðri stærð.

Nemendakannanir eru lagðar fyrir í október og apríl (6.-10. bekkur) Marktækur munur er gefin upp í könnunum og telst munur upp á 0,5 lítill munur, 1,0 er töluverður munur, 1,5 stig og meira telst mikill munur.


Nemendakönnun

Nemendakönnun Brúarásskóla kemur vel út eins og sést á yfirliti hennar. Allir nemendur 6. – 10. bekkjar tóku þátt. Einblínt var á virkni nemenda í skólanum, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður beggja kannana sýna að hvað varðar *Virgni í skóla* eru nemendur á og yfir landsmeðaltali í flestum þáttum. Ánægja á lestir hefur aukist frá fyrra ári, áhugi á stærðfræði jókst mikið innan ársins en er þó undir landsmeðaltali og ánægja af náttúrufræði jókst innan ársins en er á pari við aðra skóla. Sérstaklega er skemmtilegt að skoða þættina vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu því þar standa nemendur skólans sterkir






Nemendur Brúarásskóla mælast talsvert jákvæðari en landsmeðaltal í öllum þáttum sem snúa að líðan og heilsu, nema þegar spurt er um mataræði, þar sem skólinn er -0,1 stigum undir, sem telst samt lítill munur og hefur minnkað. Þátturinn *Vellíðan* er hár og það er þáttur sem matsnefndin horfir alltaf sérstaklega til því grundvöllur fyrir því að nám geti átt sér stað er að nemendum líði vel í skólanum.




Í matsþættinum *Skóla- og bekkjarandi* eru Brúarássnemendur langt yfir landsmeðaltali í öllum þáttum og hefur þessi mæling styrkst mikið. Þættirnir *Samsömun við nemendahóp*, *Samband við kennara* og *Virk þátttaka nemenda í tímum* koma allir mjög vel út.


3.1. Samsömun við nemendahópinn – Röðun*



3.2. Samband nemenda við kennara – Ársmeðaltöl



3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Ársmeðaltöl



Árangur nemenda í leik og starfi

Nemendur skólans tóku þátt í ýmsum verkefnum og keppnum skólaárið 2016-17. Almennt er mikil áhersla lögð á að hvetja ungdominn í að taka þátt í því sem um er að vera og áhugi þeirra er mikill.

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og var nemandi þar á verðlaunapalli.

Lið Brúarásskóla tók þátt í Skólahreysti fjórða árið í röð og stóð sig frábærlega vann Austurlandsriðilinn og tók þátt í aðalkeppninni sem haldin var í Rvk.

Skólinn sendi eitt lið í First Lego tæknikeppnina í Háskólabíói í Reykjavík í nóvember, liðið stóð sig með sóma. Keppendur urðu samferða liði úr Egilsstaðaskóla og gekk það samstarf mjög vel.

Úrbótaáætlun 2016-2017

Áhersla verður á að auka ánægju nemenda í stærðfræði það er m.a. gert með sérstakri áherslu á endurmenntun kennara. Áfram unnið með að virkja nemendur í námi, í gegnum þróunarverkefni skólans. Umsjónarkennarar upplýsi alla foreldra um sértækan stuðning sem börn þeirra fá. Rætt verður sérstaklega um eineltisþáttinn í starfsmannaviðtölum ársins.

Endurmat á síðustu úrbótaáætlun leiddi í ljós að unnið var með samskipti stelpna með skipulögðum hætti síðasta vetur. Byrjað var að vinna með stærðfræðina en sá þáttur kemur sterkari inn í þessa áætlun og einnig voru tekin nokkur skref varðandi mataræðið s.s. að foreldrar voru upplýstir sérstaklega og umræður með nemendum og þessi þáttur mældist hærri en skólaárið 2014-2015.

Úrbótaáætlun 2017-2018

Sjá má að jákvæðar breytingar hafa orðið af ánægju nemenda varðandi lestur, stærðfræði og náttúrufræði. Unnið verður áfram að styrkja þessa þætti með því að styrkja tækja- og bókakost, ásamt endurmenntun kennara. Þróunarverkefni skólans virðist hafa jákvæð áhrif á flesta matsþætti er snúa að virkni og skóla- og bekkjaranda. Haldið verður áfram á sömu braut. Hvað varðar þætti um líðan og heilsu þá er allir nokkuð góðir en vilji er að styrkja þá enn betur með því að halda vel á lofti hugmyndinni um heilsusamlegan skóla og samfélg.

Í ljós hefur komið eftir því sem árin líða að það ber á leiða nemenda skólans að taka nemendakannarnirnar tvisvar á ári. Þar sem nemendur skólans eru það fáir er ekki um úrtak að ræða. Ákveðið hefur verið í samráði við starfsmenn Skólapúlsins að leggja könnunina fyrir einu sinni á ári og það í apríl. Á komandi skólaári veður því lögð fyrir ein nemendakönnun, ein foreldrakönnun og ein starfsmannakönnun.

